

Mál nr. 5a/2022

Þriðjudaginn 9. ágúst var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr.5a/2022

HRFÍ

gegn

X og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I.Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 6.júní 2022 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að Y og Z hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ. Við skráningu á hvolpum fæddum þann 24.09.2021 kom í ljós að Miniature Pincher rakki A var ekki með gilt hnéskeļjavottorð né eistnavottorð fyrir þörun. Tíkin B var einnig ekki með gilt hnéskeļjavottorð fyrir þörun

Eigandi rakka er X, en ræktandi gotsins og eigandi tíkarinnar er Y og Z

Úr reglugerð um ættbókarskráningu

MINIATURE PINSCHER Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeļjavottorð.

Þar sem tilmælum um andmæli var ekki svarað af hálfu kærðu var ákveðið að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Við skráningu á hvolpum fæddum þann 24.09.2021 kom í ljós að Miniature Pincher rakki A var ekki með gilt hnéskeļjavottorð né eistnavottorð fyrir þörun.

III.Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber ennfremur samkvæmt grein 2.7. að vera með gilt vottorð fyrir þörun um heilsufarsskoðun.

Samkvæmt reglugerð um skráningu í ættbók, nánar tiltekið kafla X. sem hefur að geyma reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um tegundina Miniature Pinscher:

„MINIATURE PINSCHER Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og hnéskeļjavottorð.“

X hefur ekki gefið nein svör eða skýringar né haldið uppi vörnum í málinu. En X hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotlegur við reglur félagsins og er það mat nefndarinnar að hæfileg viðurlög við brotinu sé áminning.

IV.Niðurstaða

X telst hafa gerst brotlegt við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ.

X er áminnt.

f.h. siðanefndar

Arnheiður Runólfsdóttir

Brynja Kristín Magnúsdóttir

Selma Olsen